



Starfsáætlun stjórnar Landspítala 2024

Stjórn Landspítala er skipuð samkvæmt 8. gr. a. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Þar kemur m.a. fram að stjórn skuli í samráði við forstjóra marka stofnuninni langtímastefnu í samræmi við stefnumörkun ráðherra og hlutverk stofnunarinnar samkvæmt lögum. Stjórn skuli yfirfara árlega starfsáætlun og ársáætlun, skv. 32. gr. laga um opinber fjármál, leggja sjálfstætt mat á þær og markmið og mælikvarða sem þar eru sett fram og gera ráðherra grein fyrir mati sínu innan tveggja vikna frá því að ársáætlun hefur verið lögð fyrir ráðherra til samþykktar. Þá skal stjórnin taka fyrir atriði sem forstjóri ber fyrir stjórnina og teljast mikils háttar eða óvenjulegar í starfsemi stofnunarinnar. Auk þess skal stjórn vera forstjóra til aðstoðar við önnur veigamikil atriði er varða rekstur stofnunarinnar og starfsemi hennar.

Eftirfarandi starfsáætlun fyrir árið 2024 er sett fram með það að markmiði að stjórn ræki hlutverk sitt en með henni er sett fram skipulag stjórnar er varðar umfjöllun þeirra atriði sem henni eru falin samkvæmt lögum. Enn fremur er starfsáætlun ætlað að auðvelda undirbúning funda stjórnar og auka gagnsæi í störfum stjórnar.

Í eftirfarandi töflu má sjá þau umfjöllunarefni sem stjórnin gerir ráð fyrir að fjalla um árið 2024. Í framhaldinu er sett fram yfirlit yfir áformaða fundi stjórnar og fyrirhuguð umfjöllunarefni þeirra.

1. ársfjórðungur

2. ársfjórðungur

3. ársfjórðungur

4. ársfjórðungur

Fastir liðir

Samþykkt fundargerða

Skýrsla forstjóra

Langtímastefna Landspítala

Rekstur og fjármál Landspítala

Nýr Landspítali

Fjármálaáætlun
Starfsáætlun og ársáætlun

Hlutverk Landspítala

Innri endurskoðun

Áherslumál 2024

Mönnun og menntun

Flæði í klínískri þjónustu

Stafvæðing og gagnagreining

Gæði og öryggi

Húsnæði og tækjabúnaður

Vísindastarf

Þróun dag- og göngudeilda

Mönnun og menntun

Flæði í klínískri þjónustu

Stafvæðing og gagnagreining

Gæði og öryggi

Húsnæði og tækjabúnaður

Vísindastarf

Þróun dag- og göngudeilda

Rekstur klínískra eininga

Nýsköpun

Lyfjanefnd og lyfjaþjónusta

Önnur verkefni

Umfjöllun um mikilsháttar eða óvenjulegar ákvarðanir

Aðstoð við forstjóra um ákvarðanir um veigamikil atriði varðandi rekstur og starfsemi

Starfsreglur stjórnar